

árvöxtum af þeirri upphæð frá sáttakærudegi aðalsakar 2. okt. 1926 til greiðsludags. Þá ber og að sýkna aðalstefnandann af kröfum gagnstefnandans í gagnsökinni. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Dómarinn lætur þess getið að sökum mikilla anna síðasta vor og sumar hafi hann eigi getað kveðið upp dóm í máli þessu fyr en nú.

Miðvikudaginn 20. júní 1928.

Nr. 40/1927.

Jónína E. Arnljótsdóttir

(Pjetur Magnússon)

gegn

Daniel Á. Þorleifssyni (Jón Ásbjörnsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Húnavatnssýslu 19. febr. 1927: Svo framarlega sem kærði, Daniel Ásgeir Þorleifsson, Stórabúrfelli innan 3ja mánaða frá uppsögn dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, vinnur eið að því að hafa ekki haft samfarir við kæranda, Jóninu Emiliu Arnljótsdóttur, á tímabilinu frá 1. sept. til 15. nóv. 1924, skal hann vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu og greiðist þá málskostnaður af almannaþje. — Verði stefnda aftur á móti eiðfall, skal hann teljast faðir að stúlkubarni því, er kærandi, Jónína Emilia Arnljótsdóttir ól þ. 17. lúli 1925 og í skirninni hlaut nafnið Bryndis Bjargey og vera skyldur til að greiða að sinum hluta meðlag með barninu og barnsfarakostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði, svo og greiða málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaðförf.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, hefir stefndi kannast við það, að hann hafi iðulega haft samfarir við áfrýjanda sumurin 1923 og 1924, er hún dvaldi á heimili hans, í síðasta skifti 23. ágúst

1924, og hefir hann enga grein gert fyrir því, hvers vegna samfarir þeirra hafi þá hætt alt í einu, þótt stúlkan færi ekki af heimili hans fyr en 21. sept., og verður þó eigi annað sjeð af prófunum, en að gott samkomulag hafi verið með þeim fram eftir haustinu, og loks hefir stefndi ekki neitað framburði áfrýjanda um að þau hafi verið trúlofuð, án þess sjeð verði hvenær uppúr trúlofuninni hefir slitnað.

Að þessu athuguðu og því, að stefndi var 4 sinn- um á ferð á Blönduósi haustið 1924 og þá ekki úti- lokað að fundum þeirra áfrýjanda hafi borið saman eins og hún heldur fram, þykir eftir málavöxtum rjett að láta úrslit máls þessa vera komin undir eiði áfrýj- anda, þannig, að ef áfrýjandi innan þriggja mánaða frá uppsögn dóms þessa vinnur eið að því, að stefndi hafi átt samfarir við sig á tímabilinu frá 1. sept. til 19. nóvbr. 1924, skal hann teljast faðir að stúlku- barni því, að nafni Bryndis Bjargey, er hún ól 17. júlí 1925, og vera skyldur að greiða að sínum hluta með- lag með barninu eftir yfirvaldsúrskurði, svo og greiða allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og hæstarjetti eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál þar, þar með talið málflutningskaup hins skipaða málflutnings- manns áfrýjanda, er ákveðst 80 kr.

Verði áfrýjanda hinsvegar eiðfall á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar og greiði hún þá stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 200 kr. Að öðru leyti greiðist þá kostnaður málsins í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, 80 kr., úr rikissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Ef áfrýjandi, Jónína Emilia Arnljótsdóttir, innan þriggja mánaða frá uppsögn dóms þessa, eftir

löglegan undirbúning, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, að stefndi, Daníel Ásgeir Þorleifsson, hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 1. sept. til 19. nóvbr. 1924, skal stefndi teljast faðir að stúlkubarni því, að nafni Bryndís Bjargey, er áfrýjandi ól 17. júlí 1925, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu eftir yfirvaldsúrskurði, svo og greiða allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og hæstarjetti eins og málið hefði eigi þar verið gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, Pjeturs hrm. Magnússonar, 80 kr.

Verði áfrýjanda aftur á móti eiðtall, skal stefndi vera sýkn af kröfum hennar, og ber henni þá að greiða honum málskostnað fyrir hæstarjetti með 200 kr. Að öðru leyti greiðist þá kostnaður málsins í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, 80 kr., úr rikissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Barnsfaðernismál þetta er höfðað samkvæmt beiðni stúlkunnar Jónínu Emiliu Arnljótsdóttur, nú til heimilis á Blönduósi, gegn Daniel Ásgeiri Þorleifssyni, bónda á Stórabúrfelli hjer í sýslu. Hefir nefnd stúlka lýst nefndan Daniel Ásgeir föður að meybarni, er hún ól þ. 17. júlí 1925 og sem í skirninna hlaut nafnið Bryndís Bjargey.

Kærandi hefir oft dvalið á heimili stefnda, Stórabúrfelli,

lengri eða styttri tíma, uns hún fór þaðan alfarin í sept. 1924. Heldur kærandi því fram að stefndur hafi oft haft samfarir við sig, alt frá því er hún fyrst dvaldi á heimili hans og þangað til fram á vetur 1924. Auk þess staðhæfir kærandi að hún hafi verið trúlofuð stefndum og að hún hafi aldrei haft samfarir við neinn annan en hann.

Stefndur hefir játað, að hafa oftsinnis haft samfarir við kæranda, en hann neitar því afdráttarlaust, að hafa haft samfarir við hana síðan 23. ágúst 1924. — Af þessari ástæðu neitar hann faðerni barnsins. Svo neitar hann og því að hafa fyllilega verið trúlofaður kæranda.

Enda þótt kærandi hafi tilgreint staði og stundu, er samfarirnar milli hennar og stefnds hafi átt að eiga sjer stað eftir 23. ágúst 1924, þá virðist þó ekki vera þær upplýsingar fyrir hendi, er orsaka geta að úrslit málsins verði látin koma undir eið hennar.

Af þessari ástæðu og eflir öllum atvikum málsins virðist því rjett að úrslit þess verði látin koma undir eið stefnds þannig, að vinni hann eiðinn, skal hann vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu og greiðist þá málskostnaður af almannaþje. Verði stefndum hinsvegar eiðfall, skal hann teljast faðir að stúlkubarni því, að nafni Bryndis Bjargey, er kærandi ól þ. 17. júlí 1925 og vera skyldur að greiða að sinum hluta meðlag með barninu og barnsfararkostnað samkvæmt yfirvaldsúrskurði, svo og greiða allan málskostnað.

Föstudaginn 22. júní 1928.

Nr. 87/1928.

H.f. Bjarmi (Guðm. Ólafsson)
gegn

Georg Gíslasyni (Jón Ásbjörnsson).

Útaf verslunarskuld.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyja 18. jan. 1928: Stefndi Georg Gíslason á að greiða stefndanda, stjórn h.f. Bjarma, kr. 1247,20 með 6 % ársvöxtum frá 25. nóvember 1925 til borgunardags, en sje að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.